

## **Samþykktir fyrir Sorpurðun Vesturlands h/f.**

### **1. Heiti, heimili, tilgangur.**

#### 1. gr.

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Sorpurðun Vesturlands h/f. Lögheimili félagsins er að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, í Borgarbyggð. Tilgangur félagsins er móttaka, flokkun, urðun og förgun sorps, endurvinnsla og móttaka brotamálms og spilliefna, kaup, sala og rekstur fasteigna og annar skyldur rekstur.

### **II. Hlutfé.**

#### 2.gr.

Hlutfé félagsins er kr. 22.224.000.- ( tuttugu og tværmilljónir tvöhunduruð tuttugu og fjögurpúsund 00/100 ) og er hver hlutur að fjárhæð kr. 1.

#### 3.gr.

Hluthafafundur getur samþykkt aukningu hlutafjár í félaginu. Hluthafar eiga forkaupsrétt að hlutfé í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína í félaginu. Sérhver yfirfærsla eignarhluta í félaginu til einkaaðila er óheimil, og skulu gerningar um það ekki hafa gildi gagnvart hlutaskrá félagsins. Að öðru leyti fara kaup á hlutfé eftir þeim reglum sem stjórn félagsins ákveður á hverjum tíma í samráði við löglegan boðaðan fund í félaginu.

#### 4.gr.

Hlutabréf í félaginu skulu hljóða á nafn og vera tölusett. Stjórn félagsins skal halda skrá yfir hlutabréfin er greini útgáfudag, nafnverð og númer hlutabréfa. Vilji hluthafar framselja hlut sinn skal hann tilkynna það til stjórnar félagsins ásamt þeim eða því tilboði sem hann hefur fengið í hlutinn. Félagið hefur forkaupsrétt að hlutum í félaginu. Hafni félagið forkaupsrétti hefur hluthafi forkaupsrétt í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Félagið tilkynnir öllum hluthöfum er félagið hefur hafnað forkaupsrétti sínum. Hluthafar skulu innan fjögurra vikna tilkynna til stjórnar félags hvort þeir hyggist nýta forkaupsrétt sinn. Greiðsla kaupverðs skal fara fram innan tveggja mánaða frá því að kaup voru ákveðin. Veðsetning hlutabréfa er aðeins heimil með samþykki félagsins. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að þola innlausn á hlutum sínum.

### **III stjórn.**

5.gr.

Með stjórn félagsins fara:

1. Hluthafafundir.
2. Stjórn félagsins.
3. Framkvæmdastjóri.

### **IV Hluthafafundir.**

6.gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem samþykktir þess og landslög setja. Hluthafafundur er löglegur ef helmingur hluthafa eða umráðamenn helmings hlutafjár sækja fund. Sæki ekki nægilegt hlutfall hluthafa fund til að fundur verði lögmætur skal boða til nýs fundar og er sá fundur lögmætur hversu margir sem sækja hann. Hluthafafundur skal boða með tryggum hætti s.s. ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara en lengst 4. vikna fyrirvara.

7.gr.

Stjórn félagsins skal kveðja til hluthafafundar ef endurskoðendur félagsins, framkvæmdastjóri eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjár æskir þess við stjórn að fundur sé haldinn. Þá kveður stjórn félagsins til fundar þegar hún telur að þörf sé á að halda fund. Hafi komið fram lögmæt krafa um að halda fund skal stjórn kveðja til fundar innan 14 daga frá því að krafa kom fram. Hafi félagsstjórn ekki boðað til fundar samkvæmt löglega fram kominni kröfu er heimilt að krefjast þess að Hlutafélagaskrá boði til fundar í félaginu. Hluthafar eiga rétt á að fá ákveðið mál tekið fyrir á fundi ef þeir gera skriflega kröfu um það til stjórnar með það miklum fyrirvara að stjórn sé unnt að taka málið á dagskrá fundarins. Fyrirvari þessi skal að lágmarki vera 10 dagar.

8.gr.

Aðalfundur skal halda fyrir lok júní mánaðar ár hvert. Hann skal boða á sannanlegan hátt með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða auglýsingu með minnst 14 daga fyrirvara. Í fundarboði skal geta fundarefnis. Tillögur til breytinga á dagskrá þarf að senda stjórn með minnst 10 daga fyrirvara. Stjórn félagsins skal senda hluthöfum tillögurnar svo fljótt sem auðið er. Aðalfundur er löglegur ef hann sækja

hellingur eða umráðamenn helmings hlutafjár. Nú sækja ekki fund tilskilinn fjöldi hluthafa og skal þá boða annan fund samkv. ákv. 6.gr. og er sá fundur löglegur hversu margir sem sækja hann.

#### 9.gr.

Á aðalfundi skal taka til afgreiðslu:

1. Skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár.
2. Ársreikning félagsins.
3. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
4. Ákvörðun um hvernig fara á með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Kosningu stjórnar.
6. Kosningu löggilts endurskoðanda og skoðunarmanns.
7. Önnur mál sem hafa verið löglega fram borin eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Unnt er að fresta til framhaldsaðalfundar liðum 2. og 4. ef hluthafar er ráða yfir minnst 1/3 hlutafjár óska þess. Framhal aðalfundur skal haldinn í fyrsta lagi einum mánuði og í síðasta lagi tveimur mánuðum síðar.

#### 10.gr.

Fundurinn kýs fundarstjóra til að stjórna fundi og tilnefni hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal stjórna fundi og leysa úr þeim ágreiningsatriðum sem upp koma um lögmæti fundarins. Hann skal ákveða form umræðna, meðferð mála á fundi og atkvæðagreiðslur. Um fundinn skal halda gerðarbók og skal í hana skrá allar fundarsamþykktir og annað sem fram fer á fundinum. Fundargerð skal síðan lesin upp í lok fundar. Fundargerð er sönnun þess sem fram hefur farið á fundinum.

#### 11.gr.

Á hluthafafundum fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut. Afl atkvæða ræður á fundi nema sérstaklega sé ákveðið um aukinn meirihluta atkvæða í lögum eða samþykktum félags. Fáir tillaga jafnmörg atkvæði með og á móti telst hún fallin. Fáir tveir menn jafnmörg atkvæði í kjöri til stjórnar ræður hlutkesti. Atkvæði skulu greidd með handauppréttingu nema einhver fundarmanna óski eftir skriflegri atkvæðagreiðslu.

#### 12.gr.

Rétt til setu á hluthafafundum hafa hluthafar, umboðsmenn þeirra, endurskoðendur félagsins og framkvæmdastjórar þess þó þeir séu ekki hluthafar. Hluthafa er heimilt að fá öðrum umboð til að sækja fund fyrir sína hönd og fara þar með atkvæði sitt/sín. Í byrjun fundar skal athuga hvort nefndarmenn hafa rétt til setu á fundi og til að greiða atkvæði.

#### 13.gr.

Tillögur sem bera á upp á hluthafafundi skulu liggja frammi á skrifstofu félagsins til kynningar fyrir hluthafa eigi skemur en 7 dögum fyrir fund. Unnt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef allir hluthafar samþykkja það. Bera má fram breytinga- og viðaukatillögur á fundi þó þær hafi ekki áður verið birtar. Reikningar félagsins skulu liggja frammi til sýnis fyrir hluthafa eigi skemur en í 7 daga fyrir aðalfund.

### **V. Stjórn félags.**

#### 14.gr.

Aðalfundur kýs árlega úr hópi hluthafa 7 menn í stjórn félagsins. Um hæfi þeirra fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt ef fram koma tillögur um fleiri menn en kjósa skal. Kosning í stjórn skal framkvæmd sem hlutfallskosning. Falli atkvæði á fundi jöfn ræður hlutkesti.

#### 15.gr.

Stjórn kýs sér formann úr sínum hópi og skiptir með sér verkum. Formaður kveður stjórnarmenn til funda og stýrir fundum. Fundi skal halda þegar formaður telur þess þörf. Formanni er auk þess skylt að boða til fundar ef einn eða fleiri stjórnarmenn óska þess. Auk þess geta framkvæmdastjóri og endurskoðandi óskað eftir að fundur verði haldinn. Stjórnarfundur er ákvörðunarbær ef 4/7 hluti stjórnarmanna sækja fund. Mikilvægar ákvarðanir verður þó að bera undir alla stjórnarmenn sé unnt að koma því við. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn skal vísa máli til hluthafafundar. Halda skal gerðabók um fundi stjórnar og skal fundargerð staðfesta með undirritun stjórnarmanna.

#### 16.gr.

Stjórn félags hefur æðsta vald í málefnum félags milli hluthafafunda. Helstu störf stjórnar eru:

- a.) að ráða framkvæmdastjóra, ákveða laun hans og önnur starfskjör og hafa eftirlit með störfum hans/þeirra.
- b.) Að fylgja stefnu félagsins.
- c.) Að hafa eftirlit með öllum rekstri félagsins. Þ.á.m. með fjárreiðum og bókhaldi þess.
- d.) Að koma fram fyrir hönd félags fyrir dómstólum og stjórnvöldum.
- e.) Að ákveða hverjir skuli skuldbinda félagið.

#### 17.gr.

Stjórn félags skuldbindur félag með ályktunum sínum og samningum. Undirskrift fjögurra stjórnarmanna nægir til að skuldbinda félagið. Stjórn getur tekið lán, veðsett eigur og selt eignir þess nema fasteignir, þá þarf samþykki hluthafafundar. Stjórnarmenn skulu hafa aðgang að öllum eigum og skjölum félagsins.

### **VI. Framkvæmdastjóri.**

#### 18.gr.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins í samræmi við þær reglur sem settar eru af stjórn félags eða samkvæmt samþykktum þess. Til daglegs rekstrar teljast ekki ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikisháttar. Þá þarf samþykki stjórnar og eftir atvikum hluthafafundar. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður félagsins séu í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna sé trygg og félaginu til framdráttar. Framkvæmdastjóri skal sjá um að ráða starfsmenn og segja þeim upp. Hann skal þó hafa samráð við stjórn félagsins um ráðningu helstu starfsmanna. Verði ákveðið að hafa framkvæmdastjóra fleiri en einn skiptir stjórn með þeim verkum.

#### 19.gr.

Framkvæmdastjóri skal hlíta fyrirmælum stjórnar og veita og endurskoðendum aðgang að þeim gögnum sem þeir óska og þarfnast. Framkvæmdastjóri er kjörgengur í stjórn félags en skal þó ekki vera stjórnarformaður.

## **VII. Reikningar og endurskoðun.**

### 20.gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Gerð ársreikninga skal lokið í síðasta lagi sex vikum fyrir aðalfund ár hvert og hann afhentur endurskoðendum til rækilegrar endurskoðunar.

### 21.gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda eða endurskoðendafélag og einn skoðunarmann, til tveggja ára í senn. Þeir mega ekki hafa unnið við gerð reikninga félagsins og ekki vera stjórnar- eða starfsmenn þess.

Endurskoðandi skal fara yfir allt reikningshald og alla reikninga félagsins og er honum jafnan heimill aðgangur að öllum bókum þess og skjölum.

Endurskoðandi skal hafa lokið endurskoðun ársreiknings eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund. Ber honum þá að senda hann til stjórnar með athugasemdum sínum. Stjórn skal semja svör við athugasemdum endurskoðanda og skulu þau svör ásamt athugasemdum endurskoðanda liggja frammi fyrir hluthafa, ásamt ársreikningi að minnsta kosti 7 dögum fyrir aðalfund.

### 22.gr.

Ársreikningur skal sýna tekjur og gjöld félagsins og eignir þess og skuldir. Með gjöldum skulu taldar hæfilegar afskriftir af fasteignum og lausafjármunum félagsins.

### 23.gr.

Um eigið fé félagsins fer að lögum á hverjum tíma.

## **VIII. Breytingar á samþykktum.**

### 24.gr.

Samþykktum félagsins má einungis breyta á löglega boðuðum hluthafafundi þess, enda sé þess berlega getið í fundarboði að slík breyting sé fyrirhuguð og í hverju þær breytingar felist í meginatriðum. Á slíkum fundi þurfa að vera mættir eigendur hlutabréfa eða umboðsmenn þeirra, fyrir 2/3 hlutum hlutafjárins. Með breytingunni þurfa að greiða atkvæði a.m.k. 2/3 hlutar mættra atkvæða. Ef eigi sækja slíkan fund hluthafar sem ráða yfir nægilegu hlutafjármagni til að gera fundinn lögmætan, skal boða til nýs fundar á sama hátt og mælt er fyrir um í 8.gr. Sá fundur ræður

málefni því sem um ræðir til lykta með 2/3 hluta mættra atkvæða án tillits til fundarsóknar.

Með tillögur um lækkun á hlutfé félagsins skal í öllum tilfellum farið sem um breytingu á samþykktum væri að ræða, nema lög kveði á um annað. Ákvæði samþykktá þessara um atkvæðisrétt hluthafa og jafnrétti þeirra á milli verður ekki breytt nema með samþykki 9/10 hluta allra atkvæða, sbr. 94.gr. hlutfélagalaga.

## **IX. Slit á félaginu.**

### 25.gr.

Komi fram tillaga um að slíta félaginu þarf samþykki hluthafa sem fara með a.m.k. 2/3 hluta hlutfjár í félaginu. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við annað eða önnur félög og um sölu á öllum eignum þess. Hluthafafundur samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu og kveður einnig á um ráðstöfun eigna þess og greiðslu skulda, sbr. XIII. kafla hlutfélagalaga.

### 26.gr.

Verði félaginu slitið eða það hættir starfsemi, skuldbindur félagið sig til að skilja þannig við urðunarstað eða önnur starfssvæði sem félagið hefur unnið á með þeim hætti, að lögum og reglum sem um það gilda sé í hvívetna framfylgt.

## **X. Önnur ákvæði**

### 27.gr.

Þar sem ákvæði þessara samþykktá segja ekki til um hvernig með skuli farið, skal fara eftir ákvæðum hlutfélagalaga.

Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins 19. mars 2018.

Stjórn Sorpurðunar Vesturlands 19. mars 2018.

Kristinn Jónasson, formaður, Snæfellsbær.  
Ásta Kristín Guðmundsdóttir, Borgarbyggð.  
Arnheiður Hjörleifsdóttir, Hvalfjarðarsveit.  
Sturla Böðvarsson, Stykkishólmsbær.  
Karitas Jónsdóttir, Akraneskaupstaður.  
Finnbogi Leifsson, Borgarbyggð.  
Sævar Jónsson, Akrankaupstaður.